Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Fjarðargata 42, Þingeyri - Óveruleg breyting

ÍSAFJARÐARBÆR



Staðfestur þéttbýlisuppdráttur aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020



Breyting á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020

0 500 m 1 km

Mælikvarði 1:10.000

Unnið fyrir Ísafjarðarbæ 8.2.2023



Greinargerð

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær leggur til að breyting verði gerð á Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að breyta landnotkun athafnasvæði í verslunar- og þjónustusvæði.

Markmið

Verslunar- og þjónustusvæðið sem um ræðir er innan íbúðarsvæðis og með breytingunni munu möguleikar á fjölbreyttri atvinnustarfsemi, t.d. gistiheimili eða veitingasölu auka fjölbreytni og styrkja menningarlíf sveitarfélagsins. Húsið við Fjarðargötu 42 er gamalt áhaldahús og við þessa breytingu mun umferð véla og tækja verða nánast úr sögunni.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breytingin hafi neikvæð umhverfisáhrif umfram það sem orðið er.

Breyting

Breyting er gerð á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 af Þingeyri þannig að landnotkun lóðar nr. 42 við Fjarðargötu (landeignarnúmer L140801) breytist úr „***athafnarsvæði***“ í „***verslunar- og þjónustusvæði***“.

Breyting á texta í greinargerð aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 felst í að í töflu 8.6. „Atvinnusvæði í sveitarfélaginu“ á bls. 127, þar sem nú segir

Svæði	Ákvæði
A3 – Athafnasvæði við á Þingeyri Áhaldahús / 0,1 ha.	

breytist í

Svæði	Ákvæði
V7 – Verslunar- og þjónustusvæði á Þingeyri / 0,1 ha.	Svigrúm til uppbyggingar þjónustu fyrir ferðamenn, s.s. Veitingarekstur og gistingu

Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í skipulagsnefnd þann _____ og í bæjarstjórn þann _____.

f.h. Ísafjarðarbæjar

_____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____

_____

_____